

Miðvikudaginn 29. apríl 1998.

Nr. 159/1998.

**Björn Einarsson**

(Gunnar Guðmundsson hdl.)

gegn

**tollstjóranum í Reykjavík**

(enginn)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Endurupptaka. Aðfinnslur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 31. mars 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1998, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um endurupptöku á meðferð kröfu varnaraðila um gjaldþrotaskipti á búi hans, en búið var tekið til skipta 27. febrúar 1998. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að endurupptaka málsins verði heimiluð.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Sýslumaðurinn í Reykjavík gerði árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila 25. júní 1997 fyrir kröfu varnaraðila, að fjárhæð 223.812 krónur. Varnaraðili beindi þeirri kröfu til Héraðsdóms Reykjavíkur 13. ágúst 1997, að bú sóknaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta á grundvelli þeirrar gerðar. Héraðsdómur tók við kröfunni 3. september 1997, og var hún fyrst tekin fyrir á dómþingi 12. nóvember 1997. Óskaði sóknaraðili þá eftir fresti. Meðferð kröfunnar var frestað til 10. desember 1997, en þá sótti sóknaraðili ekki þing. Var krafan því tekin til úrskurðar. Úrskurður var kveðinn upp 27. febrúar 1998, svo sem fyrr segir. Með honum var bú sóknaraðila tekið til gjaldþrotaskipta.

24. febrúar 1998, þremur dögum áður en sá úrskurður var kveðinn upp, var fjárnámið frá 25. júní 1997 endurupptekið hjá sýslumanninum í Reykjavík og gert fjárnám í nánar tilteknum munum fyrir kröfu varnaraðila, að fjárhæð 87.097 krónur. Sóknaraðili heldur því fram, að fjárnámið 24. febrúar 1998 sýni, að lagaskilyrði hafi þá ekki lengur verið til þess að taka bú hans til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili dró ekki til baka kröfu sína um, að bú sóknaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta, áður en úrskurður gekk um hana 27. febrúar 1998. Fjárnámið 24. sama mánaðar var, eins og fram er komið, gert löngu eftir, að krafan var tekin til úrskurðar. Er því ekki unnt að gefa því gaum. Með þessari athugasemd verður niðurstaða hins kærða úrskurðar staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Eins og áður greinir, tók héraðsdómur beiðni varnaraðila um, að bú sóknaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta, til úrskurðar 10. desember 1997. Hins vegar var úrskurður ekki kveðinn upp fyrr en 27. febrúar 1998. Verður að átelja harðlega hinn löglausa og tilefnislausu drátt, sem varð á uppkvaðningu úrskurðarins.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

#### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. mars 1998.**

Með úrskurði, upp kveðnum 27. febrúar sl., var bú Björns Einarssonar, kt. 260846-2219, Þverási 25, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta að kröfu tollstjórans í Reykjavík.

Við þingfestingu málsins 12. nóvember sl. sótti þrotamaður þing ásamt lögmanni og óskaði eftir fresti, sem skiptabeidandi samþykkti að veita, og var ákveðið að fresta málinu til 10. desember sl. Við fyrirtöku málsins þann dag var ekki sótt þing af hálfu þrotamanns, og var málið tekið til úrskurðar sama dag.

Með bréfi, dagsettu 6. mars sl., hefur þrotamaður krafist endurupptöku málsins með vísan til 1. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991.

Protamaður skýrir mál sitt svo, að 24. febrúar sl. hafi árangurslaust fjárnám, sem skiptabeidandi hafði gert hjá þrotamanni 25. júní 1997, verið endurupptekið. Hafi þrotamaður þá bent á eignir til tryggingar fjárnámskröfunni, sem gerðarbeiðandi hafi fallist á. Framangreint fjárnám hafi því verið gert þremur dögum eftir, að grundvöllur úrskurðarins var ekki fyrir hendi. Af hálfu þrotamanns hafi verið reynt að hraða endurupptöku fjárnámsgerðarinnar eftir fremsta megni, en ekki tekist að fá það endurupptekið fyrr þrátt fyrir skriflegar beiðnir. Telur þrotamaður, að ekki hafi verið skilyrði til gjaldþrotaskipta eftir umrædda endurupptöku fjárnámsins.

Af hálfu skiptabeidanda er ekki tekin afstaða til kröfunnar.

Í bréfi skiptastjóra til dómsins, dagsettu 11. þ. m., kemur fram, að honum hafi tekist að afturkalla auglýsingu, sem hann hafði sent Lögbirtingablaðinu til birtingar.

Við meðferð kröfunnar um gjaldþrotaskipti komu ekki fram mótmæli af hálfu þrotamanns, og leit dómurinn því svo á með vísan til 2. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991, að þrotamaður viðurkenndi, að fullyrðingar skiptabeiðanda væru réttar. Því væri fullnægt skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. sömu laga til að verða við kröfu skiptabeiðanda og bú þrotamanns samkvæmt því tekið til gjaldþrotaskipta. Var úrskurðurinn, sem fyrr greinir, kveðinn upp 27. febrúar sl.

Áður er að því vikið, að þrotamaður reisi kröfu kröfu sína um endurupptöku á 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Í tilvitnaðri lagagrein segir, að hafi dómur gengið eða stefna verið árituð í máli, þar sem stefndi sótti ekki þing eða þingsókn hans féll niður, geti stefndi beiðst endurupptöku innan tiltekins frests. Er krafa þrotamanns sett fram innan lögboðinna tíma-  
marka.

Í lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. er ekki að finna beina heimild til endurupptöku. Aftur á móti er skv. 4. mgr. 67. gr. laganna heimilt að afturkalla kröfu um gjaldþrotaskipti, allt þar til úrskurður er kveðinn upp um hana fyrir héraðsdómi. Þá eru í 72.–74. gr. laganna almennar reglur um þýðingu gjaldþrotaskipta. Samkvæmt þeim hefur úrskurðurinn einn og sér veigamikil áhrif að lögum gagnvart þrotamanni og þriðja manni án tillits til, hvort innköllun til kröfuhafa hefur birst. Þess er og að geta, að í 154. gr. laganna eru ákvæði um, að þrotamaður geti fengið eignir búsinns afhentar að nýju eftir lok kröfulýsingarfrests með samþykki skiptabeiðanda og annarra, er lýst hafi kröfum í þrotabúið. Þykir mega lesa út úr þessu, að málsforræðisreglan eigi ekki við um álitæfni það, sem hér er til meðferðar.

Eins og áður er að vikið, sótti þrotamaður þing, er krafa skiptabeiðanda var fyrst tekin fyrir. Þrotamaður, sem hafði lögmann sér til fulltingis, óskaði eftir, að meðferð kröfunnar yrði frestað. Hann mótmælti ekki kröfu skiptabeiðanda, en slík mótmæli hefðu þurft að koma fram þegar í því þinghaldi, sbr. 3. og 4. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991. Gegn andmælum skiptabeiðanda hefði þrotamaður því ekki getað komið að mótmælum við kröfunni í síðara þinghaldi. Ósennilegt er því, að málsástæður varðandi gildi hins árangurslausa fjárnáms frá 25. júní 1997 og um eignastöðu þrotamanns hefðu komist að í málinu, þótt þær hefðu verið settar fram í síðara þinghaldi og haft í för með sér, að niðurstaða málsins hefði orðið önnur en raun varð á í úrskurðinum 27. f. m. Hins vegar hefði skiptabeiðandi getað afturkallað kröfu sína um gjaldþrotaskipti, þar til úrskurður gekk um hana, sbr. 4. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991.

Þegar framanritað er virt, telur dómurinn, að ekki verði hjá því komist að hafna kröfu þrotamanns um endurupptöku málsins.

Júlíus B. Georgsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu Björns Einarssonar um endurupptöku málsins nr. G-866/1997 er hafnað.

---